



— S A G A —
BORGARÆTTARINNAR

— 1 0 0 Á R A —

KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS | SAMSTÆTTI VÍÐ GUNNARSSTOFNUN TÍÐ SINFONIANORD KYNING SÖGU BORGARÆTTARINNAR MYND NORDISK FILMS KOMPAGNI
LEIKSTJÓRI GUNNAR SOMMERFELDT LEIKARAR GUÐMUNDUR THORSTEINSSON MUGGUR GUNNAR SOMMERFELDT INGE SOMMERFELDT INGEBOURG SPANGSFELDT ELISABETH JACOBSEN
FREDERIK JACOBSEN PHILIP BECH GUÐRÚN INDRÍDADÓTTIR STEFANÍA GUÐMUNDSDÓTTIR MARTA INDRÍDADÓTTIR BERTEL KRAUSE OVE KÜHL VICTOR NEUMANN KAREN POULSEN
TÓNLEIÐ PÓRÐUR MAGNÚSSON TÓNLEIÐARFLETTUNIR SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS UNDIR STJÓÐNI BJARNNA FRÍMANNSS HILDEBRUNDEY STEVE MC LAUGHLIN

SinfoniaNord

Kvikmyndasafn
Íslands

GUNNARSSTOFNUN

SÖGUBRÁÐUR

Saga Borgarættarinnar fjallar um bræðurna Ormar og Ketil, syni Örlygs stórbónða á Borg. Í upphafi myndar bjargar Ormarr kotbóndanum Páli á Seyru og dóttur hans Rúnu úr háska. Örlygur tekur stúlkuna að sér og hún elst upp á Borg hjá þeim feðgum. Ormarr er listhneigður og fer til Kaupmannahafnar til að læra fiðluleik en gefur það upp á bátinn og snýr sér að skiparekstri. Í Höfn verður hann ástfanginn af bankastjóradótturinni Ölmú og ætlar sér að biðja um hönd hennar. En þá birtist Ketill, heillar Ölmú upp úr skónum og kvænist henni í snatri. Ormarr snýr vonsvikinn heim í sveitina þar sem hann kemst að því að Ketill hefur gert á hlut Rúnu áður en hann fór. Ormarr kemur að henni þar sem hún ætlar að kasta sér fyrir björg. Þau fella hugi saman og til að forða Rúnu frá hneyksli gifta þau sig og fara til útlanda þar sem sonur fæðist. Þegar Ketill kemur heim með Ölmú hefur faðir hans snúið við honum baki. Ketill gerist prestur á Hofi en vanrækir konu sína sem verður sinnisveik. Hann kemur af stað rógburði um föður sinn og bróður og þær lygar leiða til dauða Örlygs. Í kjölfar þess hverfur Ketill.

Seinni hluti myndarinnar gerist tuttugu árum síðar þegar Ormarr er tekinn við hlutverki föður síns sem höfðinginn á Borg með Rúnu sér við hlið ásamt Örlygi unga, syni hennar og Ketils. Alma á einnig skjól á Borg. Örlygur ungi er ástfanginn af Böggú, dóttur fátækrar ekkju, sem Ormari finnst ekki samboðin honum. Einn dag á leið til hennar rekst pilturinn á eineygðan förumann. Þetta er nafnkunnur flækingur, Gestur eineygði, sem hefur þvælst um landið og boðað kristna trú. Hann virðist vita allt um fólkið í sveitinni og Örlygur hrífst af lífsspeki hans. Bagga á að gerast ráðskona hjá lækni héraðsins að ráði Ormars en Örlygur nær að hindra það, opinberar ást sína og fer með hana heim til Borgar. Á leiðinni ríða þau fram á Gest eineygða sem er hjálparþurfi. Þegar þau koma heim á Borg verður Ormari og Rúnu fljótt ljóst að flækingurinn er enginn annar en Ketill sem hefur reynt að öðlast fyrirgefningu gegnum fábreytt líf förumanns. Þau þrjú veita unga parinu blessun sína sem framtíðin brosir við. Endir

(Endursögn byggð á ensku kynningarefni frá 1921).



Bagga leikin af Elisabeth Jacobsen, Guðrún Indriðadóttir í hlutverki ekkjunnar á Bolla og Gunnar Gunnarsson sem Jón Hallsson læknir.

ALDARAFMÆLI

Saga Borgarættarinnar var fyrsta skáld-saga Gunnars Gunnarssonar og kom út á árunum 1912–1914 í Danmörku. Hún naut mikilla vinsælda og danski leikstjórinn Gunnar Sommerfeldt sá tækifæri til að gera stórmynd eftir sögunni með íslenskt landslag í forgrunni. Hann náði að sannfæra skáldið og forsvarsmenn Nordisk Film um verkefnið. Myndin markar upphaf kvikmyndagerðar á Íslandi og var tekin upp haustið 1919 með dönskum og íslenskum leikurum. Tökur fóru mest fram í Reykholti í Borgarfirði, á Keldum á Rangárvöllum og í leikmynd sem byggð var á Amtmannstúni í

Reykjavík. Myndin var frumsýnd í Kaupmannahöfn í ágúst 1920 en hérlendis í janúar 1921. Allar götur síðan hefur hún verið hjartfólgin Íslendingum og verið sýnd reglulega í kvikmyndahúsum og sjónvarpi.

Í tilefni aldarafmælis myndarinnar efndu Kvikmyndasafn Íslands, Gunnarsstofnun og Menningarfélag Akureyrar til samstarfs. Afraksturinn er stafræn endurgerð myndarinnar í háskerpu með nýrri frumsaminni tónlist Þórðar Magnússonar í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Saga Borgarættarinnar er gengin í endurnýjun lífdaga.

PERSÓNUR OG LEIKENDUR

Frederik Jacobsen (Örlygur á Borg)
Guðmundur Thorsteinsson (Ormarr Örlygsson)
Gunnar Sommerfeldt (Ketill / Gestur eineygði)
Ingeborg Spangsfeldt (Rúna)
Inge Sommerfeldt (Alma)
Ove Kühl (Örlygur „Örminn ungi“)
Elisabeth Jacobsen (Snæbjörg „Bagga“)
Guðrún Indriðadóttir (Ekkjan á Bolla)
Stefanía Guðmundsdóttir (Kata gamla)
Gunnar Gunnarsson (Jón Hallsson læknir)
Marta Kalman Indriðadóttir (Ossa gamla)
Philip Bech (Vivild bankastjóri)

Bertel Krause (Janzen skipstjóri)
Victor Neumann (Prófessor Grahl)
Jón í Gunnarsholti (Bóndi í sveitinni)
Sigurður Magnússon (Páll á Seyru)
Christen Fribert (Bjarni kaupmaður)
Stefán Runólfsson (Dániel prestur)

Leikstjóri: Gunnar Sommerfeldt
Handrit: Valdemar Andersen
Kvikmyndataka: Louis Larsen
Þýðing íslenskra millitexta: Árni Óla

ENDURGERÐ

Endurgerð kvikmynda; skönnun, litgreining og myndvinnsla: Kvikmyndasafn Íslands/Jón Stefánsson
Tónlist: Þórður Magnússon
Tónlistarflutningur: SinfoniaNord
Hljómsveitarstjóri: Bjarni Frimann Bjarnason
Hljóðblöndun: Steve McLaughlin

ÞAKKIR OG STUÐNINGUR

Menningarfélag Akureyrar
Det Danske Film Institut
Nordisk Film
Erlendur Sveinsson
Gunnar Árnason
Árni F. Sigurðsson.

Styrktaraðilar: Tónlistarsjóður, Hljóðritasjóður, Tónskáldasjóður RÚV og STEFs, Menningarsjóður Gunnarsstofnunar